

227



Alþingi

Erindi nr. D 113/896

komudagur 13/3 1991

SLYSAVARNAFÉLAG ÍSLANDS

THE NATIONAL LIFE-SAVING ASSOCIATION OF ICELAND

BJÖRGUNARSKIP
(RESCUE CRUISERS):

GÍSLI J. JOHNSEN

VERNDARI (PATRON): VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR
PRESIDENT OF ICELAND

Ófridsíðla Slysavarnahúsinu, Reykjavík, 8. mars 1991.

Allsherjarnefnd ~~Samráða~~ Alþingis,
hr. Guðmundur Ágústsson, formaður,
Alþingi.

Í tilefni af mótmælum og athugasemdum Landssambands Hjálparveita skáta (LHS), Landssambands Flugbjörgunarsveita (LFBS) og Skáksambands Íslands, vegna tillögu SVFÍ til allsherjarnefndar Alþingis, dags. 25/2 1991, vill SVFÍ gera bréflaga grein fyrir afstöðu sinni og ástæðu hennar:

Í desember sl. kom óvænt fram á Alþingi frumvarp til laga um sjóðs-happdrætti til styrktar flugbjörgun, þyrlukaupum og skák.

Þegar þetta frumvarp kom fram, bentu LHS og SVFÍ strax á, að það væri í mótsögn við samning um Lukkutrió. Í umræðum sem áttu sér stað í kjölfarið, lagði LFBS til, að LHS og SVFÍ kæmu inn í myndina, því það myndi auðvelda framgang frumvarpsins. Þá létu SVFÍ og LHS strax í ljós efasemdir, um að rétt væri að efna til sameiginlegra fjár-aflana með jafn ólíkum aðilum og Ríkissjóði, Björgunarsamtökunum og Skáksambandinu. En SVFÍ lét til leiðast. Jafnframt ítrekaði SVFÍ fyrri skoðun sína að tekjuskipting í sameiginlegum fjáröflunum LHS, LFBS og SVFÍ væri röng. Nægir að nefna að SVFÍ hefur innan sinna vébanda 94 björgunarsveitir, en LHS 22 og LFBS 6. Tekjuskiptingin væri: SVFÍ 53.5%, LHS 31.5% og LFBS 15% en ætti að vera SVFÍ 77%, LHS 18% og LFBS 5%, ef fjöldi sveita réði skiptingunni. Rétt er að taka fram að SVFÍ hefur talið rétt að þessir aðilar stæðu saman að fjáröflunum.

Þá fléttuðust þyrlumál LHG inn í umræðurnar. Þyrlumálin hafa verið slysavarnafólki mjög hagleikin í margra áratugi og eitt helsta baráttumál SVFÍ. Til að gera langa sögu stutta, kom fram sú skoðun á sameiginlegum stjórnarfundum SVFÍ með varastjórn og starfsfólki þann 23. febrúar 1991, að frumvarp um kaup á þyrlu fyrir LHG, sem lá fyrir að afgreiða á yfir-standandi þingi, myndi ekki ná fram að ganga og sama gilti um frumvarp um fyrrnefnt sjóðshappdrætti. Í umræðunum á fundinum um þessi mál, kom fram tillaga sú sem minnst er á í upphafi bréfsins. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða. Tilgangur hennar var að freista þess að bjarga báðum frumvörpunum.

Strax Mánudaginn 25. febr. var tillögunni komið til Allsherjarnefndar, sem var að fjalla um málið, en forseti SVFÍ hafði gert nefndinni munnlega grein fyrir skoðun félagsins föstudaginn 22. febrúar. Þess skal getið, að þá hafði það fréttst að þing yrði líklega rofið um miðjan mars, og því lítill tími til stefnu. Daginn eftir var svo LHS og LFBS sent afrit af tillögunni. Fulltrúar LHS og LFBS gerðu síðan athugasemd við þessa meðferð tillögunnar á sameiginlegum fundi fulltrúa LHS, LFBS og SVFÍ þann 28. febrúar sl. Framkvæmdastjórn SVFÍ hefur fjallað um þessa athugasemd og fallist á að hún sé réttmæt.

Þá gerðu fulltrúar LHS og LFBS athugasemd við orðalag í tillögunni þar sem segir: "Fundurinn telur miður að félagasamtök nýti sér það ástand sem er í þyrlumálum LHG sér til fjáröflunar." Framkvæmdastjórn SVFÍ hefur einnig fjallað um þessa athugasemd og vill taka fram að hér er á engan hátt verið að veða að æru eins eða neins, en bendir á þann gífurlega stuðning, sem kaup á stórri og fullkominni þyrlu, á meðal almennings í landinu, og er þessvegna næstum víst að sá stuðningur myndi endurspeglast í tekjum happdrættisins, þar til að þyrlukaupamálið væri í höfn. Því telur stjórn SVFÍ rétt að þyrlukaupin njóti forgangs fyrstu árin.

Framkvæmdastjórn SVFÍ vonar að með bréfi þessu leiðréttist að misskilningur sem henni finnst hafa komið fram á fundi 28. febrúar sl. og í sameiginlegu bréfi LFBS, LHS og Skáksambands Íslands til Allsherjarnefndar þann 4. mars 1991.

Virðingarfyllst,

f.h. Framkvæmdastjórn SVFÍ



Örlygur Hálfðanarson, forseti SVFÍ



Garðar Eiríksson, gjaldkeri SVFÍ



Gunnar Tómasson, varaforseti SVFÍ

Afrit send til:

Landssambands Hjálparveita skáta,
Landssambands Flugbjörgunarsveita,
Skáksambands Íslands.